

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/966*  
*komudagur 6.2.2014*

**Umsögn byggðarráðs Borgarbyggðar við frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði. Þingskjal 458 mál nr. 250.**

Inngangur

Borgarbyggð er sveitarfélag þar sem opinber stjórnarsýsla hefur um árabil verði ein mikilvægast atvinnugrein héraðsins, enda liggur Borgarnes einstaklega vel við samgöngum og nýtur þess að vera miðsvæðis á Vesturlandi. Því er ekki að undra að fjölmargar stofnanir sem starfa á landshlutavísu hafa valið sér staðsetningu í Borgarnesi og flestar samstarfsstofnanir sveitarfélaga á Vesturlandi eru staðsettar þar.

Í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á stjórnarsýslu ríkisins í héraði er mikilvægt að tækifærið verði nýtt til að efla stjórnarsýsluna og styrkja þjónustuna við íbúa. Jafnframt er mikilvægt að nýta tækifærið til að flytja verkefni frá ráðuneytum og stofnunum á höfuðborgarsvæðinu til landshlutanna og styrkja þannig landsbyggðina.

Athugasemdir við einstaka greinar

2.gr.

Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við að landinu verði skipt í níu umdæmi og telur eðlilegt að Vesturland verði eitt umdæmi enda er löng hefð fyrir samstarfi sveitarfélaga í landshlutanum og ýmis konar opinber þjónusta hefur Vesturland allt sem sitt starfssvæði.

Byggðarráð telur að með hliðsjón af því hve miðsvæðis Borgarnes er á Vesturlandi fari afar vel á því að staðsetja aðalskrifstofu sýslumanns í Borgarnesi og byggja þar upp miðstöð stjórnarsýslu ríkisins á Vesturlandi. Einnig er mikilvægt að aðrar sýsluskrifstofur verði staðsettar þar sem skrifstofur eru fyrir í dag þannig að sameining embætta dragi ekki úr þjónustu við íbúa á þeim svæðum þar sem hún hefur verið til staðar.

4.gr.

Byggðarráð fagnar þeim áherslum sem fram koma í þessari grein um flutning verkefna til sýslumannsembætta og bendir á að reynsla af slíkum flutningi hefur verið góð. Jafnframt lýsir byggðarráð sig reiðbúið til að vinna að því með ríkinu að flytja verkefni í Borgarbyggð. Í sveitarfélaginu eru tveir háskólar og reglulega útskrifast úr þessum skólum fjöldi ungs fólks sem hefur myndað tengsl við héraðið í gegnum nám sitt og vill setjast að í Borgarbyggð. Þetta unga og vel menntaða fólk væri í alla staði vel undirbúið til að takast á við verkefni fyrir hið opinbera.

7.gr.

Byggðarráð tekur undir áherslur um skipulagt samráð stjórnarsýslu ríkisins í héraði og sveitarfélaganna.

### Lokaorð

Héraðsdómur Vesturlands hefur í rúm 20 ár verið staðsettur í Borgarnesi og með því að staðsetja sýslumann Vesturlands sem og lögreglustjóra á sama stað væri mögulegt að styrkja faglegt starf og skapa fjárhagslegt hagræði. Þannig væri hægt og nýta kosti þess að vera með stjórnslu ríkisins miðsvæðis á Vesturlandi sem væri í senn hagkvæmt fyrir starfseminum sem og íbúana sem þurfa á þjónustunni að halda.

Borgarnesi 06.02 2014

Páll S. Brynjarsson

sveitarstjóri